



Vorskýrsla Oddeyrarskóla 2014-2015



Yfirlit yfir skólastarfið 2014 – 2015

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Sýn og stefna Oddeyrarskóla.....	2
Nám og kennsla	2
Teymisvinna – samstarf.....	2
Sundkennsla	3
Samræmd próf	3
Læsi og lesmál á yngsta stigi.....	4
Valgreinar	4
Google for Education – þróun í upplýsingatækni.....	5
Raddir nemenda og foreldra	5
Líðan og velferð	5
Nemendur	5
Starfsfólk.....	6
Vinabekkir.....	6
Ýmsir viðburðir á skólaárinu.....	6
SMT skólafærni.....	9
Mötuneyti.....	9
Frístund.....	10
Kennaranemar.....	10
Foreldrasamstarf	10
Samstarf foreldrafélags og skóla	10
Heimsóknir til nemenda í 1. og 8. bekk.....	10
Fundir í skóla	11
Þróunarstarf og símenntun starfsfólks.....	12
Námskeið og fræðslufundir í tengslum við skólastarfið.....	12
Fræðsla í ágúst.....	12
Önnur fræðsla á skólaárinu	12
Náms- og starfsráðgjöf, skýrsla námsráðgjafa vor 2015	13
Lokaorð.....	17

Inngangur

Þessi skýrsla um skólaárið 2014-2015 er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu þætti skólastarfs skólaársins. Skólastjóri og deildarstjórar unnu skýrsluna. Skýrslan er hluti af innra mati skólans og er birt á heimasíðu. Ekki er gerð grein fyrir öllum þáttum skólastarfsins hvert ár en fjallað um helstu áhersluþætti og gerð grein fyrir öðrum þáttum næsta skólaár. Reynt er að leggja mat á sem flesta þætti og nýta það síðan í umbótaáætlun þar sem þess er þörf.

Sýn og stefna Oddeyrarskóla

Einkunnarorð skólans eru ábyrgð – virðing – vinátta

Í Oddeyrarskóla vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem nær árangri. Það einkennist af jákvæðum skólabrag, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.

Jákvæður skólabragur byggist á virðingu fyrir öllum einstaklingum og umhverfi þar sem margbreytileika skólasamfélagsins er fagnað. Hver og einn er meðvitaður um gildi sitt í samfélaginu og axlar ábyrgð á hlutverki sínu.

Við sköpum **áhuga** meðal einstaklinga með því að gera námið forvitnilegt og fjölbreytt og náms- og starfsumhverfi vinsamlegt og hvetjandi. Hver og einn sýnir ábyrgð í því að leita leiða til að skapa þessar aðstæður.

Við byggjum upp **metnað** með því að skapa aðstæður þar sem einstaklingum er gefinn kostur á að nýta styrkleika sína og hæfileika til að ná árangri. Mat á starfinu skal sett fram með leiðbeinandi og uppbyggjandi hætti. Þannig skapast vilji til að þróa og efla starfið.

Nám og kennsla

Í Oddeyrarskóla er leitast við að koma á lærdómssamfélagi sem byggir á sameiginlegri ígrundun og samvinnu starfsfólks og hefur það að markmiði að efla námsárangur nemenda. Nám nemenda í grunnskóla grundvallast á samspili margra þátta. Til að nemandi nái góðum árangri í námi þarf hann að vera í hvetjandi námsumhverfi, upplifa væntingar, læra vönduð vinnubrögð og njóta góðrar kennslu þar sem horft er til þarfa hans og markmiða.

Teymisvinna – samstarf

Lagt var upp með tvö teymi á yngsta stigi fyrir veturinn, annað í 1. og 2. bekk og hitt í 3. og 4. bekk. Teymi 1. og 2. bekkjar vann saman með þessa tvo árganga í tveimur samliggjandi stofum. Í teyminu voru þrír kennarar og stuðningsfulltrúi. Vel gekk að vinna á þennan hátt, auðveldast reyndist að samkenna í íslensku og skipuleggja lestrarkennsluna með þarfir allra í huga. Vinnan gekk almennt vel. Teymi 3. og 4. bekkjar samanstóð af fjórum kennurum í mismunandi stöðuhlutföllum. Árgangarnir voru á sama gangi en ekki í samliggjandi stofum. Tveir kennaranna höfðu áður kennt hópnum en hinir meira í sérgreinum. Það reyndist krefjandi að stilla þessa árganga saman og var að lokum ákveðið að minnka samkennslu, kennarar einbeittu sér að því að finna verkefni og skipulag sem hæfði hópnum og vinna svo nokkur verkefni með þeim í samkennslu sem gekk að lokum mjög vel.

Á miðstigi sáu fjórir kennarar um alla kennslu nema íþróttir og list- og verkgreinar og skiptu þeir með sér umsjón nemenda á stiginu óháð bekkjum. Hver kennari var með umsjón með 14 nemendum sem snéri aðallega að samskiptum við foreldra. Kennarar lögðu áherslu á að þeir bæru allir sameiginlega

ábyrgð á öllum nemendum á stiginu og fannst mikill styrkur í því. Á síðasta skólaári var gerð tilraun til að blanda nemendum saman í námshópa óháð aldri í stærðfræði, íslensku, náttúrufræði og ensku. Það gafst mjög vel og upplifðu kennarar að nemendur næðu að einbeita sér betur í tímum, betra vinnuframlag náðist sem og aukin samvinna milli nemenda á ólíkum aldri. Þetta var ein leið til að leitast við að bæta námsárangur nemenda í stærðfræði og íslensku fyrst og fremst. Einnig náðist betri samfella og faglegt samráð með því að tveir og tveir kennarar unnu saman að því að skipuleggja og undirbúa þessi fjögur fög, tveir í senn með hvert fag. Því var þessu skipulagi haldið áfram. Á skólaþingi nemenda í vor kom fram að nemendum þótti þeir fá of lítinn tíma með bekkjarfélögum sínum. Tekið verður tillit til þessara athugasemda næsta skólaár.

Á unglíngastigi eru þrjú umsjónarkennarar, hver með sinn bekk, sem mynda teymi unglíngastigs auk greinakennara. Á unglíngastigi er einnig teymi þriggja íslenskukennara, íslenskukennarar í 8. og 9. bekk unnu náið saman þar sem þeir komu sem stuðningur inn í bekk hvor til annars 6 af 10 tímum á viku. Í stærðfræði unnu líka saman tveir kennarar í 8. og 9. bekk og gekk því teymi sérstaklega vel að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Eins og undanfarin ár unnu allir nemendur á unglíngastigi saman að fjölbreyttum þemaverkefnum tvisvar í viku. Markmiðin voru misjöfn eftir tímabilum en yfirmarkmiðin voru tengd lykilhæfnipáttum Aðalnámskrár, að auka sjálfstæði og virkni nemenda og skapa aðstæður þar sem nemendur gætu unnið saman þvert á bekki. Í upphafi hvers verkefnis var mikil áhersla lögð á að finna leiðir til að virkja sem best alla nemendur. Best tókst upp með það þegar nemendur fengu að vinna verkefni sem þeir völdu sjálfir eftir áhugasviði sínu.

Sundkennsla

Líkt og undanfarin haust var foreldrum barna sem eru að byrja í 1. bekk boðið upp á sundnámskeið fyrir börn sín í tæpar tvær vikur í upphafi skólaárs, þeim að kostnaðarlausu. Námskeiðið er hrein viðbót við lögbundna sundkennslu sem er síðan með hefðbundnum hætti, 40 mínútur á viku, allt skólaárið. Íþróttakennarar segja að námskeiðið auki öryggi barnanna í sundlauginni og í klefum og komi þeim á betra skrið í sundnáminu. Nær allir foreldrar hafa nýtt sér þetta tilboð.

Nokkur forföll hafa verið í sundi hjá elstu nemendum skólans. Til að bregðast við því var ákveðið að nemendur í 9. og 10. bekk tækju sundnámskeið vor og haust í stað vikulegra sundtíma allan veturinn. Námskeiðið var þrjú daga í viku í maí og byrjun júní og því lýkur með u.þ.b. tveggja vikna námskeiði í haust. Þetta mæltist vel fyrir og mættu nemendur betur en yfir veturinn. Þessi háttur hefur verið hafður á einu sinni áður og gekk vel.

Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf fóru fram vikuna 22. – 26. september. Nemendur 10. bekkjar tóku próf í íslensku, ensku og stærðfræði en nemendur 4. og 7. bekkjar tóku próf í íslensku og stærðfræði. Raðeinkunnir má sjá hér fyrir neðan. Raðeinkunn er einkunn á bilinu 1-99 og sýnir stöðu miðað við árangur í heild á landsvísu. Raðeinkunn er byggð upp með þeim hætti að helmingur nemenda fær raðeinkunn lægri en 50 og helmingur þeirra raðeinkunn hærra en 50.

- **4. bekkur raðeinkunn:**
íslenska: 59
stærðfræði: 54,22
- **7. bekkur raðeinkunn:**
íslenska: 34,35
stærðfræði: 34,56

- **10. bekkur einkunn:**

Í ár voru einkunnir í öllum námsgreinum; íslensku, stærðfræði og ensku, gefnar í bókstöfum. Þar sem nemendur sem þreyttu prófin eru svo fáir verða niðurstöður ekki birtar hér.

Árangur nemenda í 4. bekk er ofan landsmeðaltals en árangur nemenda í 7. og 10. bekk, neðan landsmeðaltals og ekki ásættanlegur. Leitast verður við með markvissum hætti að bæta árangur nemenda m.a. með meiri og markvissari eftirfylgni með lestrarnámi á mið- og unglingastigi.

Læsi og lesmál á yngsta stigi

Í fyrsta bekk eru lögð fyrir þrjú *Læsi* skimunarpróf. Eitt í nóvember, annað í febrúar og það þriðja í apríl. Prófin skima fyrir ólíkum þáttum og gefa því ólíkar niðurstöður. Almenn viðmið um árangur er 61% og þar yfir. Nemendur sem eru undir þeim árangri þurfa á að halda öflugu leiðsagnarmati og kennslu. Í skimun í nóvember náðu 50% nemenda í 1. bekk yfir 60% árangri sem er heldur lágt hlutfall. Í apríl náðu 87% nemenda yfir 60% árangri sem telst mjög gott. Í þriðja prófinu náðu 54% nemenda þessum árangri sem aftur er heldur lágt.

Eftir að niðurstöður voru ljósar úr fyrsta prófi var farið í mikla vinnu við að festa betur stafi og hljóð og mjög mikill tími nýttur til að aðstoða börnin við að ná grunnfærni í tæknilegum þáttum læsis. Það skilaði sér í bættum árangri. Þriðja prófið sýnir okkur að næsta skref er að efla enn frekar lesfimi og skilning.



Í öðrum bekk eru lögð fyrir tvö *Læsi* skimunarpróf og eitt skimunarpróf til viðbótar sem nefnist *Lesmál*. Í fyrsta prófinu náðu 36% nemenda 60% árangri og í öðru prófinu voru þeir 25%. Þetta er lágt í samanburði við niðurstöður á Akureyri. Í þriðja prófinu náðu 73% nemenda yfir 60% árangri sem er heldur hærra en meðaltalið á Akureyri. Unnið var markvisst út frá niðurstöðum fyrri prófa þar sem nemendur fengu úrræði og kennslu út frá þeirra stöðu í lestri. Mikill árangur náðist í gegnum þá vinnu.

Valgreinar

Kennsluskylda nemenda í 8-10. bekk er 37 stundir á viku. Nemendur í 8. bekk velja sér þrjár valgreinar (6 kennslust. á viku) og er ein þeirra bundin list- og verkgreinum. Nemendur í 9.– 10. bekk eru í fjórum valgreinum (8 kennslust.) og ein þeirra bundin list- og verkgreinum. Valið er ýmist innan skólans í höndum kennara skólans eða sameiginlegt með öðrum skólum bæjarins og þá þurfa nemendur að sækja í aðra skóla. Einnig er hægt að láta meta þátttöku í skipulögðu íþrótt-, tónlistar- eða öðru tómstundastarfi í stað valgreinar. Í vetur nýttu 30 nemendur sér þann möguleika, flestir þeirra fengu metnar íshökký- og knattspyrnuæfingar, eða 6 nemendur hverja grein. Aðrar greinar sem nemendur fengu metnar voru dans, fimleikar, handbolti, keila, listhlaup á skautum, skátastarf, sund og tónlistarnám.

Í vetur hófst samstarf milli Verkmenntaskólans á Akureyri og grunnskólanna á Akureyri þar sem markmiðið var m.a. að nemendur grunnskólanna gætu nýtt sér sérþekkingu og sérhæfð verkstæði bæði í bók- og verkgreinum. Þær greinar sem boðið var upp í VMA voru aðhlyning, rafiðnir og tréiðnir. Auk þess var í boði að taka stærðfræði 102 sem grunnskólakennari kenndi en nemendur tóku lokapróf í VMA og voru prófin yfirfarin af kennurum VMA. Einnig áttu nemendur möguleika á fjarnámi í VMA. Allir þessir áfangar voru metnir til eininga í VMA. Fjórir nemendur úr Oddeyrarskóla luku einungum í rafiðn og einn í aðhlyningu.

Google for Education – þróun í upplýsingatækni

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið þróunarverkefni í skólanum sem snýst um að auka upplýsingatækni í námi nemenda í gegnum umhverfi sem kallast *Google for education*. Tveir kennarar tóku að sér að stýra verkefninu og fóru þeir í vetur ásamt tveimur öðrum til Stokkhólms á ráðstefnu á vegum *Google for Education*. Google for education hefur leyst USB lykla af hólmi og gefið nemendum tækifæri til aukinnar rafrænnar samvinnu auk þess sem það auðveldar kennurum að leiðbeina nemendum með verkefni sín. Umhverfið býður upp á marga möguleika og hafa stjórnendur verkefnisins verið duglegir við að kynna kennurum ýmsa kosti sem þeir geta nýtt sér í kennslu. Kennarar hafa tekið vel við sér og tekið nýbreytninni fagnandi.



Raddir nemenda og foreldra

Í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur fram að foreldrar í Oddeyrarskóla eru að jafnaði ánægðari með nám og kennslu í skólanum en foreldrar í öðrum skólum á landinu. Á skólapingi voru nemendur yfirleitt mjög jákvæðir gagnvart náminu en þeir komu einnig fram með ábendingar sem m.a. lúta að fjölbreyttari verkefnum í ákveðnum greinum, meiri útiveru og meiri samræðu.

Líðan og velferð

Nemendur

Undanfarin hafa niðurstöður úr Skólapúlsi, sem lagður er fyrir nemendur í 6.-10. bekk, gefið vísbendingar um að nemendum í Oddeyrarskóla líði að jafnaði ekki eins vel og öðrum nemendum á landinu. Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar þessu mati snúast um sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, einelti, hreyfingu og mataræði. Nemendur taka könnunina í tveimur hópum, fyrri hópurinn svarar könnuninni í október en sá síðari í apríl. Athygli vekur að mikill munur er á þessum hópum, niðurstöður frá fyrri hópnum voru flestar í sambærilegar við landsmeðaltal en seinni hópurinn verulega frá því. Niðustaðan fyrir árið í heild var svipuð og niðurstöður undanfarinna ára. Skólinn hefur brugðist við þessum niðurstöðum með ýmsum hætti. Í haust tóku skólustjóri og námsráðgjafi einstaklingsviðtöl við flesta nemendur í 7. – 10. bekk, þar sem m.a. var rætt um líðan nemenda og samskipti. Í þeim viðtölum hafa þeir ekki getað fest fingur á einhver sérstök atriði, sem geta skýrt þessa líðan. Nemendur hafa greiðan aðgang að námsráðgjafa og tóku stjórnendur þá ákvörðun fyrir nokkrum árum að auka við hlutfall námsráðgjafa við skólann til að þjónusta betur þá nemendur sem eru í erfiðleikum. Námsráðgjafi hefur nýtt þessa viðtót til að bjóða upp á sjálfstyrkingarnámskeið fyrir nemendur á miðstigi í þremur hópum; sjálfstyrking stúlkna, nemendur með ADHD og fyrir nemendur með lesblindu.

Eineltisteymi skólans hefur ekki fengið inn á borð til sín nein mál í vetur og því eru niðurstöður Skólapúlsins sem benda til að einelti sé marktækt meira í Oddeyrarskóla en í öðrum skólum á landinu, svolítið á skjön við þá upplifun sem kennarar, stjórnendur og námsráðgjafi hafa af ástandinu.

Þessi líðan birtist líka í vanmáttarkennd gagnvart nemendum í öðrum skólum. Nemendur hafa m.a. rætt um að þeim finnst þeir ekki metnir að verðleikum í sameiginlegri félagsmiðstöð í Rósenborg fyrir nemendur á Brekkunni og Eyrinni og hefur þátttaka úr Oddeyrarskóla af þeim sökum ekki verið mikil. Umsjónarfólk félagsmiðstöðvarinnar taka undir þessar áhyggjur og hafa m.a. brugðist við með því hafa opið hús í Oddeyrarskóla einu sinni í viku með það að markmiði að auka þátttöku nemenda og hefur það gengið vel. Í þessu samhengi ber að geta þess að allir skólar utan ár hafa

félagsmiðstöðvar í sínum skólum. Í vetur var einnig byrjað að auka kynni milli nemenda á unglिंगastigi í Oddeyrar- og Síðuskóla með gagnkvæmum dagsheimsóknum nemenda í 8. bekk og voru þau kynni jákvæð á allan hátt.

Í vetur unnu umsjónarkennarar í 8. og 9. bekk með stúlknaþópa þar sem áhersla var á að bæta og efla samskipti. Verkefnið unnu þær með aðstoð frá Helgu Halldórsdóttur, deildarstjóra í Glerárskóla sem unnið hefur mikið við að bæta samskipti stelpna í tengslum við meistaraverkefni sitt.

Í foreldrakönnun Skólalúpsins kemur fram að foreldrar meta velferð nemenda með svipuðu móti og foreldrar í öðrum skólum landsins.

Starfsfólk

Skólalúpsinn lagði einnig fyrir starfsmannakönnun þar sem kemur fram mjög jákvætt viðhorf starfsmanna til skólans, allir þættir undir þeim lið mælast marktækt jákvæðari en að jafnaði skólum landsins. Starfsandi innan skólans er því mjög góður samkvæmt könnuninni. Sama viðhorf birtist einnig í starfsmannakönnun Akureyrarbæjar þar sem allir starfsmenn skólans sem þátt tóku í könnuninni segjast á heildina litið vera ánægðir (34,71%) eða mjög ánægðir (64,29%) í starfi sínu. Þetta birtist einnig með afgerandi hætti í samtölum starfsmanna og stjórnenda.

Vinabekkir

Hefð er orðin fyrir því að nemendur í 8. bekk verði vinir nemenda í 1. bekk og hefjast kynnin reyndar áður en yngri nemendurnir byrja í skóla. Nemendur í 7. bekk fara í heimsókn í leikskólann lðavöll og hitta verðandi grunnskólabörn og leikskólabörnin koma í heimsókn í grunnskólann þar sem nemendur í 7. bekk taka á móti þeim. Krakkarnir eru paraðir saman þannig að hver nemandi á sinn vin. Fyrstu vikuna í skólanum að hausti fylgja nemendur í 8. bekk vinum sínum í 1. bekk út í frímínútur og hitta þá síðan af og til yfir veturinn í ýmiss konar vinnu. Vinabekkjasmstarfið helst þangað til eldri nemendur útskrifast í 10. bekk, þó það sé minna þegar krakkarnir eldast. Á skólalþingi í vor kom fram að nemendur á unglिंगastigi vilja aukið samband á milli vinabekkjanna.

Ýmsir viðburðir á skólaárinu

- Nemendur í 7. bekk fóru í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði, um leið og skóli byrjaði í haust.
- Útivistardagur að hausti eru kominn í nokkuð fast skipulag. Nemendur á yngsta stigi skiptast á að fara í fjöruferð, Naustaborgir, Lystigarðinn og Krossanesborgir. Í ár var farið í Lystigarðinn. Nemendur gengu uppeftir og dvöldu í garðinum við leiki og létt gaman. Nemendur í 5.-10. bekk gátu valið á milli þess að ganga á Súlur, léttari göngu upp að Lögmanshlíð, þríþraut og að hjóla Eyjafjarðarhringinn. Á heildina litið gekk dagurinn mjög vel. En það var mat kennara sem hjóluðu með hópinn Eyjafjarðarhringinn að sú hætta sem getur skapast í umferðinni á þessari leið sé of mikil til að hægt sé að réttlæta ferðina. Því ákváðu stjórnendur að ekki yrði boðið aftur upp á hjólaferð á þessari leið.
- Nemendur í 6. bekk fóru í afar vel heppnaða ferð með Húna II í byrjun september, þar sem þeir fengu m.a. fræðslu um lífríki sjávar og að veiða á stöng.
- Norræna skólahlaupið. Nemendur tóku þátt í Norræna skólahlaupinu í blíðskaparveðri um miðjan september.



- Fjölgreindardagur í október. Nafnið á deginum vísar í fjölgreindarkenningar Gardners, en þennan dag fóru nemendur á milli stöðva í aldursblönduðum hópum og unnu fjölbreytt verkefni sem reyndu á mismunandi greindir. Nemendum raðað saman skv. vinapörum í vinabekkjarsamstarfi.
- Rýmingaræfing. Eldvarnarkerfi skólans var sett í gang og nemendur og starfsfólk æfðu sig í að rýma skólann á sem stystum tíma.
- Heimsóknir rithöfunda: Eva Þengilsdóttir heimsótti nemendur á yngsta stigi, Brynja Sif Skúladóttir heimsótti nemendur á miðstigi og Þorgrímur Þránínsson kom í heimsókn til nemenda á unglingastigi. Þeir ræddu við krakkana og lásu fyrir þá úr bókum sínum.
- Starfskynningar nemenda í 9. bekk. Í nóvember fóru nemendur í 9. bekk í starfskynningar í hin ýmsu fyrirtæki í bænum. Að þeim loknum kynntu þeir fyrirtækin sem þeir heimsóttu fyrir foreldrum sínum og starfsfólki skólans.
- Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur ár hvert í kringum 16. nóvember. Þá hittast nemendur unglingastigs í bænum í þremur skólum og haldið er sameiginlega upp á daginn með undirbúnum atriðum frá skólunum.
- Nemendaráð stóð fyrir hæfileikakeppni í desember. Margir skráðu sig til leiks og ýmist sungu, spiluðu á hljóðfæri, dönsuðu eða sýndu töfrabroögð. Hæfileikakeppnin er að festast í sessi og er skemmtileg tilbreyting í skólastarfið.
- Kaffihúsadagur. Sú hefð hefur skapast á aðventunni að nemendur í 9. bekk útibúi kaffihús innan skólans þar sem boðið er upp á kakó og piparkökur. Foreldrafélagið leggur út fyrir veitingunum.
- Laufabrauðsútskurður. Í ár eins og undanfarin ár fengu nemendur laufabrauðköku sem þeir skáru út og steiktu með aðstoð. Sama dag var jólamatur í skólanum svo nemendur gátu borðað laufabrauðskökuna sína með jólamatnum.
- Jólakort. Nemendur útbúa jólakort í myndmenntatímum. Myndmenntakennari velur og útfærir kort sem send heim til allra nemenda með jólakveðju frá skólanum.
- Litlu jólin. Sú breyting var gerð í ár að hafa alla nemendur á sama tíma á litlu jólnum. Nemendur byrjuðu á samverustund með kennurum í heimastofu og síðan dönsuðu allir saman í kringum jólatré á sal. Á eftir komu svo jólasveinar með gott í poka inn í alla bekki. Sú nýbreytni að hafa alla á sama tíma mæltist vel fyrir og m.a. var haft orð á kröftugri söng.
- Árshátíð skólans var haldin laugardaginn 24. janúar, sýningar voru kl. 13.00 og 16.00 með kaffihlaðborði foreldrafélagsins á milli sýninga. Um kvöldið var árshátíðarball fyrir nemendur á unglingastigi. Dagurinn gekk vel þó voru hnökrar varðandi hljóðkerfi sem þarf að laga fyrir næstu sýningu.
- Stóra upplestarkeppnin. Nemendur í 7. bekk tóku þátt í stóru upplestarkeppninni nú sem endranær og lenti annar fulltrúi Oddeyrarskóla, Björg Elva Friðfinnsdóttir, í 3. sæti í keppninni.
- Skólahreystilið skólans stóð sig með þrýði og lenti í 5. sæti.
- Smiðjudagar í mars voru tileinkaðir hollustu og hreyfingu.
- Sólmyrkvi. Nemendur og starfsfólk fylgdust af athygli með sólmyrkvanum 20. mars.
- Samstarfsdagur nemenda í 8. bekk Oddeyrar- og Síðuskóla. Í febrúar komu nemendur úr 8. bekk Síðuskóla í heimsókn til jafnaldra sinna á Eyrinni og voru með þeim heilan dag. Í vor fóru svo nemendur í Oddeyrarskóla í Þorpið og dvöldu þar daglangt. Tilgangur þessara heimsókna var að auka samstarf milli skólanna og gera nemendum auðveldara um vik að



tengjast öðrum nemendum í bænum. Mikill áhugi er fyrir því í Oddeyrarskóla að auka slíkt samstarf við skólana í bænum.

- Skíðadagur var með hefðbundnum hætti í mars. Dagurinn heppnaðist vel en í þessum ferðum verða stundum slyss og óhöpp sérstaklega tengd brettunum og ræddi starfsfólk um að kannski ætti ekki að leyfa óvönnum að fara í efri brekkur á brettum.

- Skautar og bingó. Síðasta skóladag fyrir páska er hefð fyrir því að fara á skauta og spila



bingó í skólanum. Í bingó er tekið á móti frjálsum framlögum til að styrkja fósturdóttur skólans Cliceriu Manga, sem býr í SOS barnaþorpi í Guineu-Bissau. Nokkur kostnaður er við þennan dag vegna rútukostnaðar og leigu á skautasvelli, en í SVOT greiningu í tengslum við daginn kom fram afgerandi afstaða starfsfólks um að halda í þessa hefð.

- Sumargjöf. Allir nemendur skólans fá sumargjöf í formi jákvæðrar umsagnar senda heim til sín fyrir sumardaginn fyrsta.
- Fiðlan og fótstigið. Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðluleikari og söngkona og Eypór Ingi Jónsson organisti komu í heimsókn í skólann og fluttu tónlist eftir mörg af þekktustu tónskáldum veraldar. Allir nemendur mættu á sal og tóku vel á móti gestunum.
- Sköpun bernskunnar. Nemendur Oddeyrarskóla áttu tvö verk á sýningunni en þau verk voru samvinnuverkefni margra nemenda Akureyrarbæjar undir leiðsögn myndlistarkennara. Auk nemenda í leik- og grunnskólum Akureyrar tóku tíu starfandi myndlistarmenn og Leikfangasafnið í Friðbjarnarhúsi þátt í sýningunni.
- Viðurkenning skólanefndar. Heiðar Gauti Jóhannsson, nemandi í 7. bekk hlaut viðurkenningu skólanefndar fyrir framúrskarandi metnað, ábyrgð og félagslega færni. Auk þess fengu kennararnir Kristín Bergþóra Jónsdóttir, Linda Rós Rögnvaldsdótti og Margrét Aðalgeirsdóttir viðurkenningu fyrir innleiðingu á upplýsingatækni í skólastarfi.
- Skólaþing. Í vor var haldið skólaþing í Oddeyrarskóla í því skyni að kalla eftir röddum nemenda varðandi ýmsa þætti í skólastarfinu. Ýmist tóku heilir bekkir þátt í umræðum eða valdir rýnihópar og gekk þingið afar vel fyrir sig og gaf okkur margar nýtilegar upplýsingar um upplifun nemenda af skólastarfinu. Finna þarf leiðir til að virkja nemendur á unglingsstigi betur á skólaþingi.
- Útskriftarferð nemenda í 10. bekk. Gekk afar vel að vanda.
- Vordagar í júní voru með nokkuð hefðbundnu sniði, einn daginn var UNICEF hlaupið en þá söfnuðu nemendur áheitum til styrktar UNICEF, annan daginn var farið í ratleik, sund og endað á ísferð, þriðja daginn voru útileikar þar sem nemendur léku sér á fjölbreyttum stöðvum og í lokin fengu allir grillaðar pylsur. Síðasta skóladaginn var svo haldin SMT uppskeruhátíð á sal skólans. Í SVOT greiningu starfsmanna kemur fram almenn ánægja með vordagana. Fram komu ábendingar um að skipulag í kringum dagana þyrfti að vera tilbúið fyrir og huga þyrfti sérstaklega að þeim nemendum sem eiga í erfiðleikum með að höndla uppbot sem þetta. Vilji er meðal starfsfólks um að hafa SMT hátíð síðasta skóladaginn framvegis og gefa þannig nemendum tækifæri til að koma oftar fram.
- Í vetur voru heimsóknir frá nemendum á leikskólanum lðavelli samkvæmt samstarfsáætlun milli skólanna.

SMT skólafærni

Í Oddeyrarskóla vinnum við eftir hugmyndafræði **SMT skólafærni**. Innleiðing á SMT skólafærni hófst í skólanum árið 2006 en hugmyndafræðin gengur út á *jákvæðan stuðning við hegðun nemenda*. Aðferðin leggur áherslu á leiðir til að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, umbuna fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Í haust hófum við okkar fyrsta ár sem sjálfstæður SMT skóli. Vinna með SMT agaferli var í nokkuð föstum skorðum og því með líku sniði og undanfarin ár. Lagt var upp með skipulag samkvæmt árhjólí. Ýmsar hefðir eru að festast í sessi sem tengjast SMT t.d. 100 miða leikurinn og SMT uppskeruhátíð sem haldin er að vori og nú í vor á skólaslitadaginn. Í SVOT greiningu starfsmanna kom fram sérstök ánægja með uppskeruhátíðina. Hafa þessar upptökur einnig mælst vel fyrir hjá nemendum og eru skemmtileg tilbreyting í skólastarfið.

SET listar voru lagðir fyrir til að kanna hvaða upplifun nemendur og starfsfólk hafa af SMT vinnunni og hvernig þeir þekki hana og kom sú könnun vel út. Heildarmeðaltal skort fyrir flokkana sjö er 96% sem er mjög ánægjulegt fyrir skólann sem öðlaðist SMT sjálfstæði vorið 2014. Þeir þættir sem skoðaðir eru á SET lista könnun er hvort reglur séu skilgreindar og kenndar, hvort til staðar sé viðvarandi hvatningarkerfi, hvort skólinn sé með samræmd viðbrögð við óæskilegri hegðun, hvort nægilegt eftirlit sé með skráningum og hvort ákvarðanir séu teknar út frá þeim. Loks er mat á því hvernig vinnunni er stýrt og hvort sveitafélagið veiti stuðning. Lokaorð skýrslu matsaðila voru þessi: „Í skólanum var vel tekið á móti okkur og voru allir tilbúnir til að gefa sér tíma til að svara spurningum okkar. Almenn var þekking nemenda og starfsfólk góð á gildum skólans og ánægjulegt að finna hversu jákvæðir og kurteisir nemendur skólans voru. Gaman var að sjá hve sýnileg einkunnarorð skólans voru og hvernig þau voru sett fram víða um skólann og í fjölbreyttri mynd. Nær allir viðmælendur okkar voru jákvæðir í garð SMT og virtust vera ánægðir með hvernig til hefur tekist að innleiða stefnuna“.

SMT lausnarteymi vinnur að málefnum einstaklinga eða hópa. Kennarar geta óskað eftir stuðningi teymisins við lausn einstaklingsmála eða málefna hópa. Í lausnateyminu eru einn kennari af yngsta stigi, einn af miðstigi, deildarstjórar yngri og eldri deildar og námsráðgjafi. Teymið fundaði 16 sinnum í vetur, að meðaltali á tveggja vikna fresti. Á haustdögum fóru fulltrúar úr SMT teymi og lausnateymi á ráðstefnu í Reykjavík þar sem áhersla var á virknimat. Sú fræðsla kom að góðu gagni og nýttist virknimat við lausn mála í vetur. Lausnateymið fékk ráðgjöf og stuðning frá PMT fulltrúa skóladeildar.

Mötuneyti

Meðalnýting mötuneytis á skólaárinu var tæplega 80%. Mest er nýtingin í 1.-4. bekk, eða tæplega 90% en minnst á unglingsstigi, u.þ.b. 65%. Þetta er svipuð nýting á mötuneytinu og árið áður. Á skólapingi í vor komu fram athugasemdir og ábendingar frá nemendum sem m.a. um hvort ekki mætti endurvekja þá venju að hver bekkur mætti velja mat einu sinni í mánuði.



Frístund

Frístund var í boði fyrir nemendur 1.-4. bekkjar í vetur frá því að hefðbundinni stundarskrá var lokið dag hvern og til klukkan 16:15. Þrír starfsmenn voru í Frístund. Nýtingin var mest í 1. og 2. bekk.

Kennaranemar

Í Oddeyrarskóla er mikil hefð fyrir því að taka á móti kennaranemum, enda er nauðsynlegt fyrir verðandi kennara að fá góða reynslu og leiðsögn á vettvangi og skólinn nýtur ávallt góðs af því að fá kröftuga og metnaðarfulla nema á vettvang. Því hefur skólinn gert samstarfssamning við kennaradeild HA um að vera móttökuskóli fyrir kennaranema við HA. Veturinn 2014 - 2015 tók skólinn við þremur kennaranemum í vettvangsnám og æfingakennslu. Einn var að mestu á yngsta stigi og tveir á miðstigi. Mjög gott samstarf náðist við nemana og skapaðist mikið traust milli þeirra og starfsmanna skólans. Þeir lýstu ánægju með dvöl sína hér og skildu sáttir við skólann eftir önnina. Áætlað er að taka á móti tveimur nemum næsta skólaár.

Foreldrasamstarf

Samstarf foreldrafélags og skóla

Stjórnendur skólans hafa alltaf átt farsælt samstarf við foreldrafélagið. Hlutverk foreldrafélags er bundið í lög þess en það er m.a. að efla starf í kringum félagslíf nemenda og leggja fram aðstoð við ýmis góð mál sem varða börn og foreldra þeirra í skólanum. Fyrsta verkefni foreldrafélagsins hvert skólaár er að sjá um undirbúning fyrir hausthátíð skólans. Síðustu ár hefur skapast sú hefð að hausthátíð sé haldin fyrsta laugardag í september. Þá er gjarnan lagt upp í skruðgöngu um hverfið og fáni með merki skólans borinn í broddi fylkingar. Síðan er ýmis skemmtun í boði á skólalóð og grillaðar pylsur. Nemendur 10. bekkjar hafa tekið að sér að skipuleggja og stjórna ýmsum leikjastöðvum á lóðinni og fá í staðinn framlag frá foreldrafélaginu upp í útskriftarferð sína sem farin er í lok skólaárs.

Meginverkefni foreldrafélagsins er þátttaka í árshátíð nemenda. Eins og áður sá foreldrafélagið um glæsilegt kaffihlaðborð í ár. Það var á milli sýninga nemenda og sáu foreldrar um uppröðun, skipulag, vinnu og allan frágang. Það var lagt á borð í matsal, kennslutofum á austurgangi og á ganginum sjálfum enda alltaf mikil aðsókn í kaffi þennan dag. Foreldrafélagið studdi einnig við 10. bekkinga fyrir árshátíð með því að greiða leikstjóra sem leikstýrði atriði 10. bekkinga.

Foreldrafélagið veitti skólanum 50.000 króna styrk til að bæta við námsgögnum í lestrarþokana Fágæti og furðuverk sem nýttir eru í 4. bekk. Einnig styrkir foreldrafélagið nemendur 7. bekkjar sem fara að Reykjum og nemendur 10. bekkjar til að fara í útskriftarferðina sína.

Heimsóknir til nemenda í 1. og 8. bekk

Foreldrum nemenda í 1. og 8. bekk býðst að fá umsjónarkennara barna sinna í heimsókn til að ræða um skólastarfið og líðan nemenda. Heimsóknin til nemenda í 1. bekk er örstutt að vori áður en nemendur byrja. Umsjónarkennarar nemenda í 8. bekk heimsækja sína nemendur í upphafi skólaárs. Í heimsókninni er rætt það helsta sem fjölskyldunni liggur á hjarta verðandi komandi vetur. Ef foreldrar vilja ekki fá kennara heim má að sjálfsögðu hafa samtalið í skólanum. Heimsóknirnar fóru fram síðdegis, eftir kl. 16:00. Í ár fór kennari í heimsóknirnar í september og gengu þær vel en óvenju

margir foreldrar þáðu ekki boð um heimsókn frá kennara eða um þriðjungur en yfirleitt hafa langflestir foreldrar þegið heimsóknirnar og lýst yfir ánægju með þær þau 12 ár sem þær hafa verið.

Fundir í skóla

Í september eru foreldrar boðaðir á fundi þar sem skólastarf vetrarins er kynnt og foreldrum gefst tækifæri til að hittast og spjalla. Mæting var misjöfn eftir árgöngum en var að meðaltali 68%. Hefðbundnir viðtalsdagar kennara, nemenda og foreldra voru í nóvember og mars. Mjög góð mæting var í viðtölin. En skil á frammistöðumati nemenda voru ekki nógu góð. Í flestum bekkjum voru skil á milli 50-70%. Í vor voru foreldrar nemenda í 1., 7. og 10. bekk boðið í óformlegt morgunspjall með stjórnendum á kaffistofu starfsmanna. Misgóð mæting var á fundina en þarna fóru fram góðar umræður um ýmislegt sem foreldrum lá á hjarta varðandi skólamáli.

Þróunarstarf og símenntun starfsfólks

Í vetur voru áfram stigin skref nær því að til verði lærdómssamfélag í Oddeyrarskóla þar sem áhersla er lögð á teymiskennslu, nám út frá markmiðum og heildstætt árangursríkt nám nemenda. Lögð er áhersla á að allir læri saman, starfsfólk og nemendur. Kennarafundir og aðrir fundartímar voru í auknum mæli nýttir til faglegrar samræðu og miðlunar.

Lögð var áhersla á að flétta lykillæfniþætti nýrrar aðalnámskrár sem mest inn í skólastarfið og einnig var sérstök áhersla áfram lögð á fjölbreytt námsmat.

Haldið var áfram að þróa starfshætti í Byrjendalæsi, sem annars er orðin mjög rótgróin aðferð í námi barna í Oddeyrarskóla. Auk þess sem haldið var áfram að bæta nám nemenda í gegnum PALS (þör að lesa saman), samræður í námi og með ritun. Á skólaárinu hófum við verið að nota skimunarprófin *Leið til læsis* í 1. bekk og eru kennarar á yngsta stigi að sækja námskeið til að öðlast færni í fyrirlagningu og úrvinnslu prófanna. Vonir standa til að með notkun prófanna takist okkur að nýta niðurstöður til enn markvissari íhlutunar en áður hjá yngstu nemendum.

Til stendur að móta og þróa leiðir til bætts lestrarnáms barna með enn markvissari hætti á komandi skólaári þar sem skólinn er að leggja upp í stórt þróunarverkefni sem lýtur að samræðum í námi nemenda og með enn meiri áherslu á lestur og læsi nemenda.

Upplýsingatækni var gert hátt undir höfði í skólanum síðastliðinn vetur. Nokkrir kennarar í skólanum hafa verið leiðandi í þeirri starfsþróun og hafa unnið óeigingjarnt starf við endumenntun og miðlun til annarra, innan og utan skólans. Mest hefur verið unnið við að þróa notkun á umhverfi sem kallast Google for education og hefur sú vinna vakið athygli innan bæjar og utan. Til marks um það var ítarleg umfjöllun um verkefnið í Skólavörðunni, mál gagni kennara, á vordögum. Kennarar skólans hafa verið mjög móttækilegir og tilbúnir til að tileinka sér og nýta þetta nýja umhverfi og hafa nemendur skólans notið góðs af. Munum við leitast við að vera áfram leiðandi í þróun á notkun Google umhverfisins, auk þess að bæta við annarri upplýsingatækni sem nýtist í skólastarfinu og er m.a. mikill áhugi á því að auka færni okkar til að nota speglaða kennslu.

Á vordögum hófst vinna við að þróa nýjar leiðir í stærðfræðinámi yngstu nemendanna í samstarfi við Þóru Rósu Geirsdóttur ráðgjafa hjá MSHA. Í grófum dráttum gengur aðferðin út á það að auka við hugtakaskilning og rökhugsun nemenda með samræðum tal um lausnir að dæmum og ræða um hugtök og fleira. Einnig var mikil áhersla lögð á þrautalausnir, skriflegar og munnlegar.

Námskeið og fræðslufundir í tengslum við skólastarfið

Fræðsla í ágúst

- Kennarar stóttu fjölbreytt námskeið m.a. í byrjendalæsi, Numicon, ritun, tæknimálum og um nemendur með sérþarfir.
- Allt starfsfólk skólans sótti námskeið í sálrænni skyndihjálpi.
- Aðrir starfsmenn en kennarar hófu sitt starfsár með námskeiðum á vegum Símeijar sem tengdust ofnæmi og sykursýki, mál- og talgöllum, liðsheild og ræstingum.

Önnur fræðsla á skólaárinu

- Jóhannes Bjarnason hélt fyrirlestur um hreyfingu barna.

- Hildur Eir Bolladóttir hélt stutt erindi um geðrækt í tengslum við heilsuviku starfsmanna sem heilsueflingarnefnd stóð fyrir.
- Haustþing BKNE og FSNE. Aðalfyrirlestrar voru *Gildi andlegrar sjúkdómsgreininga í skólastarfi og kennslu* (Arnar Sverrisson) og *Breyting kennsluhátta með aukinni tækni...* (Ingvi Hrannar Ómarsson).
- Elín Sigurbjörg Jónsdóttir var stutta kynningu um einhverfu.
- Í október fór allt starfsfólk í náms- og kynnisferð á Sauðárkrók. Grunnskólinn var heimsóttur og þar fékk starfsfólk góða kynningu á starfseminni. Fab lab smiðja Nýsköpunarmiðstöðvar var Íslands heimsótt en hún er til húsa í verknámshúsi Fjölbautarskóla Norðurlands vestra. Starfsfólk fékk einning kynningu á verknámsgreinum fjölbautarskólans.
- Í lok október fóru fulltrúar úr SMT teymi og lausnateymi ásamt fulltrúum frá hinum SMT skólunum á Akureyri á ráðstefnu í Reykjavík um SMT með áherslu á virknimat.
- Fjórir kennarar sóttu ráðstefnu í Stokkhóli um Google for education.
- Tveir kennarar sóttu 5 daga námskeið í PMT grunnmenntun.
- Helga Hauksdóttir kennsluráðgjafi hjá skóladeildar hélt erindi um kennslu tvítýngdra barna.
- 17. febrúar var haldið innhússþing, þar sem kennarar kynntu verkefni og hugmyndir sem þeir voru að vinna að.
- Nokkrir fræðslufundir voru yfir veturinn í Google for education.
- Einu sinni í mánuði fóru stjórnendur á fræðslufundi með öðrum stjórnendum í Eyjafirði í tengslum við lærdómssamfélag.

Náms- og starfsráðgjöf, skýrsla námsráðgjafa vor 2015

Námsráðgjöf er ætlað að vera fyrirbyggjandi þjónusta við alla nemendur skólans og stuðla að því að nemendur geti skapað sér viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima og markað sér braut til framtíðar. Þetta felur m.a. í sér að náms- og starfsráðgjafi þarf að hafa frumkvæði að því að nálgast nemendur sem eru í þörf fyrir aðstoð en bera sig ekki eftir björginni.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa:

- Ráðgjöf og fræðsla um náms- og próftækni.
- Ráðgjöf um náms- og starfsval nemenda.
- Persónulegur og félagslegur stuðningur við nemendur.
- Viðtöl við nýja nemendur.
- Fundarseta í nemendaverndarráði, eineltis- og áfallateymi, jafnréttisnefnd og
- Er tengiliður í verkefni um vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gagnvart
- Tengiliður við forvarnarfulltrúa.
- Situr teymis- og stigsfundi sem og aðra fundi með foreldrum og eða kennurum sem

Heildarfjöldi skráðra mála voru 119. Hundrað og tveir nemendur leituðu eða var vísað til námsráðgjafa á skólaárinu 50 stúlkur og 52 drengir. Fjöldi skráðra afskipta voru 484.

Viðtöl voru tekin við sextán nýja nemendur sem komu úr öðrum skólum, flestir komu að hausti en einhverjir þegar líða fór á veturinn. Náms- og starfsráðgjafi fór inn í fyrsta bekk kynnti hlutverk sitt, talaði um mikilvægi góðra samskipta og afhenti hringinn „ Hvaða hlutverk velur þú“.

Að hausti hittust náms- og starfsráðgjafar til að fara yfir verkefni vetrarins og faglegt samstarf og hittust síðan reglulega yfir veturinn. Breyting varð á stöðu forvarnarfulltrúa í haust en sú staða var lögð niður og verkefnum hans dreift á fulltrúa í félagsmiðstöðinni.

Sameiginlegur fundur var með skólahjúkrunarfræðingum og starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar þar sem farið var yfir dagskrá vetrarins.

Persónulegráðgjöf tók mikinn tíma af starfi námsráðgjafa í vetur eins og undanfarin ár. Einnig var um einstaklingsmiðaða vinnu eða minni hóp að ræða þar sem unnið var með félagsfærni og eða reiðstjórnun. Náms- og starfsfræðsla var veitt í öllum bekkjum, sérstök áhersla var á unglingsstigið varðandi starfsfræðslu og er þar m.a. stuðst við námsefnið Stefnan sett miðað er við að kenna það í 8., 9., og 10. bekk. Farið var í námstækni, námsvenjur og skipulag í 4. – 10. bekk. Bendill áhugasviðskönnun var lögð fyrir nemendur í 10. bekk og farið yfir niðurstöður með hverjum og einum nemenda. Áhersla hefur lögð á að sinna starfsfræðslunni að miklu leiti fyrir áramót en sá tími finnst mér gefast betur til þess.

Níundi bekkur fór í nóvember í starfskynningu og heimsóttu nemendur tvo vinnustaði. Annan daginn geta nemendur haft samband við vinnustað að eigin vali en hinn daginn er óskað eftir að nemendur velji sér vinnustað sem er óhefðbundinn út frá kynjasjónarmiðum.

Þá er óskað eftir því að strákar kynni sér vinnustað/starfsgrein þar sem konur eru almennt í meirihluta og að stelpur kynni sér vinnustað/starfsgrein þar sem karlar eru almennt í meirihluta.

Nemendur mega einnig vera báða dagana á „óhefðbundnum“ vinnustað ef vilji er fyrir því og samþykki fæst fyrir því á vinnustaðnum. Þessi kynjabundni þáttur er liður í jafnréttisáætlun Oddeyrarskóla sem m.a. byggir á 23. gr. jafnréttislaga þar sem segir: Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

- Mikilvægt er að kynna bæði stúlkum og piltum möguleika á framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf en jafnframt hvetja nemendur til að prófa það sem hentar hverjum og einum burtséð frá kyni. Nemendur 8. bekkjar fengu afhendan námstækni bækling í heimsóknum frá umsjónarkennara sínum að hausti.

Unnið var með hópum á miðstigi, nemendum með ADHD (í þessu sinni voru bara drengir) og lesblindu (blandaður hópur), hist var í 10 skipti með hvorum hópi. Unnið var í litlum jafningjahópi þar sem rætt var um einkenni ADHD og lesblindu, nemendur deildu reynslu sinni og hvernig þeir takast á við nám og mismunandi aðstæður og verkefni í lífinu. Byrjað var í vinnu með unglingsstúlkum með lesblindu sem ekki tókst að ljúka m.a. vegna annarra verkefna sem þær fóru í.

Tilgangurinn með þessari vinnu er að efla sjálfsþekkingu og að einstaklingurinn þroski næmi á eigin tilfinningar, hugsun og hegðun. Öðlist einnig skilning á þeirri greiningu sem hann er með og helstu áhrifum hennar og fái tækifæri til að ræða við jafningja um eiginleika sína og deila með öðrum hvernig hann tekst á við námið sitt, umhverfi og líðan. Í sjálfsmati og viðtölum við nemendur kom fram að þeir voru flestir ánægðir með fundina og það umræðuefni sem var farið í. Kennarar segja að nemendur séu jákvæðari og hafi hlakkað til fundanna. Þó ber að láta það koma fram að einstaklingarnir í þessu hópi voru ólíkir sem hafði áhrif á framgang fundanna og upplifun einstaka nemenda.

Sjálfstyrkingarnámskeið var fyrir stráka og stelpur í 6. bekk og gekk vel.

Sett var saman valnámskeiðið Kafbáturinn – leið þín um lífið og var fram að áramótum í því voru bæði stúlkur og drengir. Í þessu vali voru ýmsar leiðir skoðaðar til að takast á við daglegt líf. Farið yfir áhrif hugleiðslu og slökunar á líkama og sál. Rætt um hvaða áhrif hugsanir hafa á eigin líðan (HAM) og hvernig einstaklingurinn getur haft stjórn á eigin hugsunum. Í þessum hópi voru einstaklingar sem áttu í töluverðum persónlegum erfiðleikum sem hafði stundum áhrif á hina í hópnum. Eftir áramótin var ég í vali með Lindu sem gekk ágætlega og gafst þar færi á að nálgast nemendur sem þurftu mikla hvatningu. Einnig sinnti ég lífsleikni drengja í 8. – 9. bekk í um það bil 3 mánuði eftir áramótin. Námsefni sem var stuðst við var; Námsstækni, Að sitja fil- nám í skóla um hamingju og velferð, Goodwill students og svo kom gestafyrirlesari. Þeir þættir sem farið var m.a. var í námstækni, minnstækni, sjálfsefling, árásargirni, starfsfræðsla og fl.(sjá kennsluáætlun)

Mentorverkefnið *Vinátta* er þróunarverkefni rekið af Velferðarsjóði barna á Íslandi í ár tóku fjórir nemendur þátt í verkefninu frá okkur, tveir drengir og tvær stúlkur í 4. bekk. Námsráðgjafi var í samskiptum við verkefnastjóra og foreldra sem voru þeir mjög ánægðir með verkefnið.

Námsráðgjafi var í samstarfi við félagsmiðstöðina vegna nemenda sem tóku þátt í verkefni sem nefnt er Tölvu tóti og er fyrir nemendur sem sækja mikið í tölvu, í þessum hópi voru 4 drengir úr 8. – 9. bekk, einn sagði sig þó fljótlega úr hópnum. Einnig tóku nemendur í 5. – 6. bekk þátt í verkefni eftir áramótin þar sem hugað var að þáttum eins og félagstengslum, sjálfsmynd og tjáningu í þessum hópi voru 6 nemendur 2 úr 5. bekk, og 4 nemendur úr 6. bekk. Mikil ánægja ríkti með þessi verkefni og stefnir Rósenborg að því að reyna halda þessum verkefnum inni næsta vetur.

Forvarnardagurinn var á sýnum stað og tók 9. bekkur þátt í honum. Farið var í Lundarskóla kl. 08:00 um morguninn. Eftirfarandi fræðsla var í boði:

- Hinsegin Norðurland
- Geðheilbrigði
- UMFÍ

Þrír drengir voru í starfstengdu námi í vetur sem gekk mjög vel, tveir drengir úr 9. bekk og einn úr 10. bekk. Vinnan fór fram hjá Ormson, Framkvæmdarmiðstöð Akureyrarbæjar og við stöðumælavörslu hjá Akureyrarbæ.

Veturinn hefur gengið vel, eins og fram hefur komið hefur persónleg ráðgjöf tekið mest til sín.

En með auknu starfshlutfalli í námsráðgjöf hefur verið hægt að sinna þeirri náms- og starfsfræðslu sem heyrir undir námsráðgjafa. Nokkuð vel tókst að fylgja eftir þeim starfs- og kennsluáætlunum sem settar voru fram að hausti.

Forvarnarfræðsla;

- 2. bekkur: Krakkarnir í hverfinu
- 3. bekkur: Leyndarmálið
- 5. bekkur: Ég er eins og ég er
- 6. bekkur: Fjölmenningarfræðsla, Heimili og skóli með fræðslu um tölvunotkun,
- 7. bekkur: Hinsegin norðurland, Allir hinir mega það, Heimili og skóli með fræðslu um tölvunotkun, Aflið
- 8. bekkur: Kynfræðsla Sigga Dögg. Fræðsla frá Neyðarlínunni 112, Heimili og skóli með fræðslu um tölvunotkun. Guðjón fræðsla um tölvunotkun.

- 9. bekkur: Hinsegin norðurland, Hvað ef..., Heimili og skóli með fræðslu um tölvunotkun, Forvarnardagurinn 1. okt. Aflið, vímuefnafræðsla á vegum Rósenborgar. Jafnréttisfræðsla frá MA- jafningjafræðsla.
- 10. bekkur: Tölvufræðsla, Leitin "um mikilvægi virkni, viðhorfa og gagnrýninnar hugsunar í leit unglingsins að sjálfum sér" - , Heimili og skóli með fræðslu um tölvunotkun, Þörupiltar.

Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Lokaorð

Þá er yfirferð um skólastarfið skólaárið 2014-2015 lokið. Vafalaust eru þættir sem mættu fá ítarlegri umfjöllun, en hér verður látið staðar numið. Ef áhugasamir óska nánari upplýsinga um einhverja matsþætti má gjarnan leita til stjórnenda skólans.

Að þessu sinni var ákveðið að birta ekki skýrslur teyma í samantektinni vegna þess að áhersla var á lögð persónulega ígrundun kennara, en upplýsingar úr þeim er þó að finna í þessari skýrslu.

Í heildina var skólaárið fjölbreytilegt og skemmtilegt og birtist það m.a. á myndasíðu Oddeyrarskóla. Lagt hefur verið upp úr því að heimasíða skólans sé sem aðgengilegust og að hún gefi góða innsýn í skólastarfið okkar. Það er von okkar að nemendur, foreldrar og aðrir sem tengjast skólanum geti nýtt sér síðuna sem best.

Þessi samantekt er grunnur að umbótum í skólastarfinu og það er von okkar að hún nýtist skólasamfélaginu öllu vel. Allar ábendingar, varðandi skýrslu þessa, heimasíðuna eða annað sem tengist skólastarfinu eru ávallt vel þegnar.

Ágúst 2015

Fjóla Kristín Helgadóttir, Kristín Jóhannesdóttir og Rannveig Sigurðardóttir

stjórnendur Oddeyrarskóla